

# Uppruni raforku

## Stöðluð yfirlýsing fyrir árið 2011

### 1. Inngangur

Skjal þetta sýnir uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum hennar. Niðurstöðurnar byggja á gögnum um raforkuframleiðslu á Íslandi og viðskiptum með upprunaábyrgðir raforku. Upplýsingar í yfirlýsingunni eru settar fram með vísan í reglugerð nr. 757/2012.

### 2. Innleiðing

Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, er innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Söluþyrtingar sem ekki selja upprunaábyrgðir eða aðrar sambærilegar afurðir skulu gefa út staðlaða yfirlýsingu. Söluþyrtingar sem selja raforku með upprunaábyrgðum eiga að birta sértæka yfirlýsingu sem Orkustofnun samþykkir.

### 3. Framleiðsla raforku á Íslandi 2011

Á Íslandi er raforka framleidd að stærstum hluta með vatnsorku og jarðhita en einnig lítilsháttar með jarðefnaeldsneyti (olíu). Framleiðsla ársins 2011 skiptist á eftirfarandi hátt:

#### Endurnýjanleg orka á Íslandi 2011

Endurnýjanleg orka [RES]	GWh	Hlutf.
Vatnsorka	12.507	
Jarðhiti	4.701	
Samtals	17.208	99.99%

#### Óafturkræf orka [Fossil]

Jarðefnaeldsneyti	2	0.01%
Alls	17.210	100.00%




Raforkusali:

Heimilisfang:

Sími:


Heimasíða:

### Skipting raforkuframleiðslu á Íslandi:



### 4. Raforkusala á Íslandi 2011

Þegar upprunaábyrgðir vegna framleiðslu á endurnýjanlegri orku eru seldar frá Íslandi til Evrópu, þarf við framsetningu gagna vegna raforkusölu á Íslandi að taka inn í útreikninga hér á landi samsvarandi magn af raforku sem seld er í Evrópu. Þess vegna koma fram í íslenskum gögnum orkugjafar sem annars ekki eru notaðir til orkuframleiðslu hér á landi, en eru notaðir í Evrópu. Með þessu móti er komið í veg fyrir tvítalningu á upprunaábyrgðum. Fyrir árið 2011 hefur Orkustofnun gefið út upplýsingar um uppruna raforku á hverja megavattstund [MWh] að teknu tilliti til sölu upprunaábyrgða úr landi og þar með innflutning gagna um orkusölu í Evrópu í staðinn. Niðurstaðan er eftirfarandi:



### 5. Úrgangsefni miðað við uppruna raforkunnar

Samkvæmt tilskipun 2009/28/EB er losun koldíoxíðs ekki meðtalin við útreikning á magni losunarefna vegna raforku framleiddrar með vatnsorku og jarðvarma. Þar sem framleiðsla á raforku með jarðefnaeldsneyti er aðeins 0,01% af heildarframleiðslu er losun koldíoxíðs ekki mælanleg.

#### Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi, útfra uppruna.

Koldíoxíð	45,25 g/kWh
Geislavirkur úrgangur	0,15 mg/kWh